


Fréttatilkynning 5. september 2024

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar - júní 2024

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar-júní 2024 var afgreiddur í borgarráði í dag, fimmtudaginn 5. september. Hér eru raktar meginniðurstöður árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A-hluta.

A - og B - hluti:



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 406 m.kr. sem var 7,1 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir sama tímabil 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 3,6 ma.kr. rekstrarafgangi. EBITDA var jákvæð um 28,3 ma.kr. eða 5,2 m.kr. betra en á fyrri hluta síðasta árs og 315 m.kr. betri






niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 21% og hækkar um 2%-stig milli ára.

Tekjur tímabilsins námu 133,7 ma.kr. og hækkuðu um 12 ma.kr. samanborið við sama tímabil 2023 eða um 9,9%. Þar af hækkuðu skatttekjur og tekjur frá Jöfnunarsjóði um 6,7 ma.kr. eða um 9,9%, þar af skilaði 0,23% útsvarshækkun í ársbyrjun 982 m.kr. Hækkun staðgreiðslu á milli ára nam 6,7% ef ofangreind útsvarshækkun er undanskilin. Aðrar tekjur hækkuðu um 5,1 ma.kr. sem að hluta má rekja til tekna OR sem jukust um 2,8 ma.kr. eða 9,3%. Má þau áhrif að hluta rekja til inntömu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans.


Rekstrargjöld án afskrifta námu 105,4 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 6,9 ma.kr. miðað við sama tímabil 2023 eða um 7%. Þar af hækkaði launakostnaður um 2,8 ma.kr. og annar rekstrarkostnaður um 4,5 ma.kr.

Fjármagnskostnaður var 3,6 ma.kr. lægri á fyrri hluta þessa árs en þess síðasta. Þar munar mestu um að álafleiðan var 566 m.kr. tekjufærsla í ár en var 2,6 ma.kr. gjaldfærsla í fyrra. Aukningu í tekjuskatti má að mestu rekja til betri afkomu Orkuveitunnar en á sama tímabili 2023.




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 15 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 17,4 ma.kr., þar af námu verðbætur 9,7 ma.kr. Verðbólga tímabilsins var 3,6% en í fjárhagsáætlun var áætlað að verðbólga yrði 2,8%. Álverð hækkaði um 6% frá ársbyrjun til loka júní. Tekjufærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 566 m.kr. Áætlað var að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 12,7 ma.kr. og frávikið því 2,3 ma.kr. umfram áætlun.

Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 30. júní 2024 námu samtals 950,6 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum námu 511,7 ma.kr. Eigið fé nam 438,9 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 17,2 ma.kr. Eiginfjárhluutfall A- og B-hluta í lok júní nam 46,2% en var 46,9% um áramótin..




Handbært fé nam 26,8 ma.kr. í lok tímabils og breyttist óverulega frá áramótum. Veltufé frá rekstri var 20,8 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 24,7 ma.kr., greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 1,9 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 18,2 ma.kr. á árinu og afborganir lána og leiguskulda námu 18,7 ma.kr. Skammtímafjármögnun við lánastofnanir nam 1,7 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 540 m.kr.




Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 15,6% og hækkaði um 2,1%-stig miðað við sama tímabil 2023 og hækkar nú annað árið í röð.



A - hluti:



Rekstrarniðurstaða A-hluta á fyrri hluta ársins 2024 var jákvæð um 196 m.kr. sem var 1,1 ma.kr betri en á sama tímabili 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 1,9 ma.kr.



Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 5,9 ma.kr. sem var um 1,8 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan. Rekstrartekjur voru 1,3 ma.kr. yfir áætlun en á móti kom að rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru um 1,6 ma.kr. yfir fjárheimildum. Skatttekjur voru 72,5 ma.kr. eða 1,1 ma.kr. yfir áætlun sem má rekja til þess að eftirá álagt útsvar var hærra en áætlað. Staðgreiðsla útsvars var hins vegar 585 m.kr. undir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 4,9 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2023.

Í desember 2023 náðist annar áfangi í samkomulagi við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga um 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 982 m.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytingar. Fyrsta samkomulagið var gert í desember 2022 og fól í sér tilflutning skatttekna á 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Sé horft til hækkunar útsvars frá




upphafi árs 2023 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 1.920 m.kr. hærra útsvari fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks og er það eitt af megináherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans.


Laun og launatengd gjöld námu 50,8 ma.kr. og voru 790 m.kr. yfir fjárheimildum. Helstu frávik má rekja til afleysinga vegna veikinda og aukinnar mönnunar vegna stuðningsþarfa barna, einnig skýrast frávik af álagi í búsetukjörnum fatlaðs fólks.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá A-hluta Reykjavíkurborg er óbreyttur m.v. sama tímabil í fyrra eða 8.654.


Annar rekstrarkostnaður nam 36,5 ma.kr. og var um 1.638 m.kr. umfram fjárheimildir en tekjur koma á móti hluta þessa kostnaðar. Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er að finna á skóla- og frístundasviði m.a. í hráefniskostnaði mótuneyta sem var 202 m.kr. yfir fjárheimildum. Á velferðarsviði má rekja frávik sviðsins meðal annars til vistgreiðslna vegna barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 757 m.kr. yfir fjárheimildum.

Eftir farandi mynd sýnir jákvæðan viðsnúning í rekstri miðað við sama tímabil á síðasta ári.





Handbært fé nam 7,5 ma.kr. og lækkaði um 4 ma.kr. frá áramótum til loka júní. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 9,2 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 1,9 ma.kr. Lántaka langtímalána tímabilsins nam 7 ma.kr., engin útgáfa var í grænum skuldabréfum á tímabilinu. Afborganir lána og leiguskulda námu 8,7 ma.kr. Skammtíma fjármögnun við lánastofnanir nam 1,6 ma.kr.



Veltufé frá rekstri var 8,8 ma.kr. og nam 9,3% í hlutfalli af tekjum og hækkaði um 0,8%-stig miðað við sama tímabil 2023.

Enn er talsverð óvissa í ytra umhverfi borgarinnar. Þrálát verðbólga og háir stýrivextir setja þrýsting á rekstrarútgjöld stofnana og fjármagnskostnað borgarinnar. Hófstílltir kjarasamningar á almennum markaði hafa aukið væntingar um að verðbólga fari lækkandi og stöðugleiki náist. Sveitarfélögin studdu myndarlega við kjarasamninga með viljrði um lækkun gjaldskráa og þátttöku í gjaldfrjálsum skólamáltíðum.

Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru einkum vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hefur áfangi í fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í



árslok 2022 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023. Sterkar vísbendingar eru um að útgjöld til þjónustunnar haldi áfram að vaxa umtalsvert á næstu árum, enda framundan mikil uppbyggingarþörf vegna búsetuúrræða og fleiri þátta. Starfshópur ríkis og sveitarfélaga var skipaður snemma á árinu til að takast á við þá þætti sem enn standa út af borðinu í kostnaðarskiptingu málaflokksins. Beðið er niðurstöðu starfshópsins.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024-2028 sem samþykkt var í desember sl. er áfram krafa um aðhald í rekstri. Þannig var sviðum gert að hagræða 1% í launakostnaði og einungis voru verðbættar samningsbundnar skuldbindingar við þriðja aðila. Reykjavíkurborg vinnur eftir fjármálastefnu 2023-2027 þar sem skýr áhersla er á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Mælikvarðar A-hluta fyrir tímabilið voru flestir yfir markmiðum ársins og sýna hægfara bata.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Var það gert til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Reykjavík, 5. september 2024.

Nánari upplýsingar veitir

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

halldora.karadottir@reykjavik.is